



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# Trésmíði - val

## TRÉS1VA05

### Kennsluáætlun vorönn 2018

**Kennari/ar:** Óskar G. Jónsson

**Skammstöfun:** ÓGJ

**Netfang:** oskar@fsu.

#### Áfangalýsing:

Almennur valáfangi í trésmíðum. Beiting verkfæra og smíði nytsamra hluta. Vélavinna unnin af kennara eða undir hans leiðsögn.

**Markmið:** Að nemendur

- Fræðist um tré og eiginleika þess sem smíðaefnis
- Hljóti þjálfun í beitingu handverkfæra
- Fá innsýn í notkun á algengustu trésmíðavélum og tækjum
- Tileinki sér öll þau öryggisatriði sem brýnust eru í smíðastofunni
- Fræðist um algengustu samsetningar í trésmíði
- Kynnist öðrum efnum sem notuð eru til smíða, viðhalds og viðgerða ( límum, olú, litun, fúavarnarefnum, lökkum o.fl.

**Áhersla er lögð á að það sem nemendur fást við í áfanganum komi til með að nýtast þeim, fremur en að líta á það sem upphaf iðnnáms.**

**Verkefni:**

- Verkefnaval er að hluta til bundið, en að öðru leiti frjálst innan þeirra marka sem kennari leiðbeinir með
- Nemendur greiða efnisgjald kr.7.000- fyrir áætlað efni sem notað er í verkefninu, sé um umframefni að ræða greiðist sérstaklega fyrir það. Greiða skal á skrifstofu skólans sem allra fyrst og eigi síðar en 1. september.

**Verkefnaskil:**

- Sett eru tímamörk á einstök verkefni sé ástæða til, annars er farið eftir getu hvers og eins.

**Námsmat:**

- Ástundun, áhugi og hegðun eru metin jafnóðum ( símat ), smíðamunir eru metnir að smíði lokinni. Mætinareglur skólans gilda um lágmarks tímasókn.

